

# Athugasemdir stjórnar og framkvæmdastjóra FLE

Vegna greinar í Morgunblaðinu 2. október 2015 um FLE

Nýlega birtist í Morgunblaðinu grein eftir Jón Þ. Hilmarsson, endurskoðanda, undir yfirskriftinni „Um félag löggiltra endurskoðenda“. Að áliti stjórnar FLE og framkvæmdastjóra er réttu máli hallað í umfjöllun hans um ýmis atriði og sjá því ástæðu til að koma eftirfarandi á framfæri.

Í grein sinni fjallar greinarhöfundur nokkuð um endurmenntunarmál og heldur því fram að Félag löggiltra endurskoðenda hafi ráðist í viðamikil niðurrif gegn framtaki einyrkja og áhugasamtaka sem þeir höfðu stofnuð með sér til að sinna endurmenntun. Á árinu 2009 átti sér stað umtalsverð aukning á framboði námskeiða og ráðstefna hjá félaginu. Þessar breytingar voru ekki síst gerðar í kjölfar stefnumótunarfundar haustið 2008 þar sem m.a. kom fram að félagið ætti að hafa þjónustu við félagsmenn í forgangi og brýnt væri að taka þar mið af mismunandi þörfum félagsmanna og þá ekki síst hvað varðar endurmenntun. Þær raddir heyrðust sterkt úr hópi einyrkja þess efnis að félagið skyldi tryggja nægt framboð endurmenntunar til félagsmanna til að uppfylla lögbundnar kröfur. Voru þessar breytingar unnar í fullu samráði við þau áhugasamtök sem greinarhöfundur vísar til og beinlínis með þeirra aðkomu.

Í þessu sambandi má nefna að haldnir voru nokkrir fundir með fulltrúum úr hópi einyrkja í framhaldi af framangreindum stefnumótunarfundi þar sem endurmenntunarmálin voru m.a. rædd og hvernig FLE gæti komið á móts við þeirra óskir og þarfir. Þetta varð síðan til þess að tekið var upp nánara samstarf af hálfu félagsins við fulltrúa minni endurskoðunarfyrtækja sem og einyrkja varðandi efnisval á námskeið og ráðstefnur. Í framhaldinu fór félagið síðan einnig í formlegt samstarf við norska endurskoðendasambandið á árinu 2010 um upptöku á endurskoðunarhugbúnaði (Descartes) fyrir minni fyrirtæki sem var mikil þörf fyrir að áliti þessa hóps. Þess má geta að í dag hafa um 13 endurskoðunarfyrtæki tekið upp þennan hugbúnað fyrir yfir 40 endurskoðendur. Í öllum tilfellum er um að ræða endurskoðunarfyrtæki sem ekki kenna sig við alþjóðleg endurskoðunarfyrtæki.

Greinarhöfundur heldur því jafnframt fram að stjórn FLE hafi gefið þá umsögn á störfum Stefáns Svavarssonar að hann væri umdeildur. Hafi stjórn FLE þannig gerst sek um brot á siðareglum endurskoðenda og jafnvel gerst sek um ærumeiðingar. Það er skemmst frá því að segja að stjórn FLE hefur aldrei látið frá sér fara slíka umsögn. Þá þarf ekki að hafa um það mörg orð að Stefán hefur notið virðingar innan félagsins fyrir ómetanlegt framlag hans til fræðastarfa og kennslu um áratuga skeið auk þess sem hann hefur sinnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir félagið. Til marks um þetta var honum veitt gullmerki FLE árið 2010 og er hann sá eini til þessa sem veittur hefur verið sá heiður sem ekki er fráfarandi formaður félagsins.

Vorið 2013 óskaði hið opinbera eftir tilnefningum tveggja fulltrúa í Endurskoðendaráð frá FLE eins og lög um endurskoðendur gerir ráð fyrir. Ráðherra skipar í ráðið til fjögurra ára og var skipunartímabil fyrsta ráðsins að renna út. Við tilnefninguna lagði stjórn það til grundvallar að fulltrúar félagsins í Endurskoðendaráði hefðu yfirgripsmikla þekkingu á fagstöðlum, góða reynslu í faginu og gætu unnið í sátt og samlyndi að hagsmunum félagsmanna í heild. Nöfn margra hæfra endurskoðenda voru nefnd til sögunnar, þar á meðal nafn Stefáns enda leitaði FLE til ýmissa aðila innan stéttarinnar til að undirbúa tilnefningu sína og voru fulltrúar einyrkja meðal þeirra sem rætt var við. Það var síðan hlutverk stjórnarinnar að fjalla um þessar ábendingar og tillögur og komast að niðurstöðu um tillögu að fulltrúum í ráðið. Það er ekki sanngjarnt gagnvart öllu því góða fólki sem nefnt var til sögunnar að líta svo á að því hafi verið hafnað, hvað þá að í því felist einhvers konar gagnrýni á störf þeirra þó niðurstaða stjórnar hafi verið sú að leita ekki til þeirra um að taka sæti í Endurskoðendaráði.

Greinarhöfundur heldur því fram að FLE hafi tögl og hagldir í Endurskoðendaráði og hafi með gerræði sínu farið fram með einhverskonar herför gegn einyrkjum í gegnum ráðið. Endurskoðendaráð er algjörlega sjálfstætt í störfum sínum og samskipti ráðsins og félagsins almennt séð á formlegum nótum. Félagið hefur komið á framfæri ýmsum ábendingum og gagnrýni frá félagsmönnum um framkvæmd gæðaeftirlits eða öðrum málum í gegnum tíðina og eru dæmi um að félagið hafi beitt sér sérstaklega í málefnum einstakra endurskoðenda í samskiptum við ráðið og jafnvel ráðuneytið.

Stjórn félagsins hefur ekki farið varhluta af þeirri óánægju og gagnrýni sem hefur verið meðal hóps einyrkja vegna gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda undanfarin ár. Hefur þessi ágreiningur m.a. snúist um skilgreiningu á hugtakinu góð endurskoðunarvenja og gildi alþjóðlegra endurskoðunarstaðla hér á landi. FLE hefur stutt þá afstöðu að endurskoðendum sé skylt að fylgja alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum og hefur litið svo á að þeir teljist góð endurskoðunarvenja. Það er fyllilega rökrétt að álykta að það verklag sem endurskoðendur nota almennt við endurskoðun reikningsskila sé góð endurskoðunarvenja. Það verklag hlýtur að mótast hverju sinni af þeirri faglegu umfjöllun og því starfi sem unnið hefur verið á vettvangi FLE, aðkomu félagsins að gæðaeftirliti, kennslu í fræðunum til margra ára og kröfum til löggildingar. Jafnframt má vísa til almennra fyrirmæla í lögum um framkvæmd endurskoðunar á reikningsskilum fyrirtækja og þeirra reglna (ISA) sem alþjóðleg fagfélög endurskoðenda (IFAC) hafa sett sér vegna sinna aðildarfélaga, og er FLE vissulega í þeim hópi.

Eðlilega mislíkar þeim sem eru á annarri skoðun framangreind afstaða, en að líta svo á að afstaða félagsins sé hluti af markvissu starfi stærri endurskoðunarfyrirtækja landsins til að ganga á milli bols og höfuðs þeirra minni, líkt og greinarhöfundur heldur fram, er fjarstæðukennt.

Greinarhöfundur þykir miður að skrif hans þurfi að birta í fjölmiðlum þar sem hann telur fullreynt um samskipti við stjórn FLE. Sú stjórn sem nú situr hefur hins vegar engar óskir fengið frá honum um að ræða þau málefni sem hann gerir að umfjöllunarefni í grein sinni. Þykir stjórn það miður því að annars hefði mátt leiðrétta ýmislegt í hans skrifum þar sem réttu máli er hallað.

Reykjavík, 27. október 2015